

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Sauðárkróks

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessa sbr. reglugerð staðfesta 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín. lítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín. lítra.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mín. lítra í hámarksstillingu hemils kr. 198,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjaldldaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimædagjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera, sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)	Heimædagjald	
400—2 000 m ³ =	21 350,00 kr. fyrir	400 m ³ 16,60 kr/m ³ þar yfir
2 000—6 000 m ³ =	48 300,00 kr. fyrir	2 000 m ³ 14,40 kr/m ³ þar yfir
6 000—10 000 m ³ =	106 950,00 kr. fyrir	6 000 m ³ 13,00 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10 000 m ³ =	161 585,00 kr. fyrir	10 000 m ³ 10,70 kr/m ³ þar yfir

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

IV. KAFLI

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda skv. rúmmetramæli. Á þetta við um stærri notendur og þegar vatn er notað til annars en húshitunar. Hitaveitan setur upp slíka mæla, ef þurfa þykir og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn skv. rúmmetramæli, er heimilt að innheimta mælaleigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera kr. 8,90

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla 3/4" kr. 83,00 pr. mán.

Fyrir mæla 1"—2½" kr. 184,00 pr. mán.

Fyrir mæla 3" og stærri kr. 373,00 pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og fyrir 2 mín. lítra á mánuði skv. 4. gr. í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. júní 1984 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 25 25. janúar 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1984.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.